



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 4. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnin nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 4a og 4b nemendabók, Evolytes: Sjávarháskinn, Stærðfræðispæjarar 3. Heimanám fer heim einu sinni í viku. Heimanámið miðast við það að dýpka það efni sem unnið hefur verið með í skólanum. Heimanámið samanstendur af æfingaheftunum Sprota 4a og 4b. Auk þess eru send heim alls konar verkefni og þrautir.

### Matsviðmið

#### Tölur og reikningur

Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 10 000 og táknað slíkar tölur með peningum.

Skípt tölum í einingar, tugi hundruð og þúsund.

Talið aftur á bak og áfram á mismunandi vegu.

Sýnt tölur á mismunandi vegu, raðað þeim og staðsett á talnalínu.

Þekkt neikvæðar tölur á talnalínu.

Námundað tölur að næsta tug, hundraði og þúsundi.

Leyst samlagningar- og frádráttardæmi með fjögurra stafa tölum á mismunandi vegu.

Farið með margföldunartöflur frá 0-10 og notað til að leysa margföldunar- og deilingardæmi.

Þekkt tengsl á milli samlagningar og frádráttar og geta notað þá vitneskju til að leysa dæmi.

Þekkt tengsl á milli margföldunar og deilingar og notað þá vitneskju til að leysa dæmi.

Lýst og haldið áfram með talnarunur sem fara stækkandi eða minnkandi

#### Rúmfræði og mælingar

Flokkað og greint tvívíð og þrívíð form í umhverfi sínu.

Fundið ummál og flatarmál ólíkra mynda.

Notað fjölbreyttar aðferðir við mælingar.

Notað ýmis mælitæki t.d. hitamæla, vogir, desilítramál, pinnabretti, reglustikur, klukkur o.fl..

Notað ólíkar mælieiningar í rúmfræði t.d. metra, grömm og lítra.

Breytt einni mælieiningu í aðra t.d. metrum í millimetra, kílóum í grömm, lítrum í desilítra o.s.frv..

Mælt tíma í heilli og hálfri klukkustund, mínútum og sekúndum.

Nýtt sér mismunandi líkön og teiknað skýringarmyndir.

Skráð hnit punkta og unnið með flutninga í hnitakerfi þ.e.a.s. speglun, snúning og hliðrun.

### **Algebra**

Lýst og haldið áfram með talnarunur sem fara stækkandi eða minnkandi.

Notað vasareikni til að skoða talnamynstur.

Fundið óþekkta stærð.

### **Tölfræði og líkindi**

Safnað gögnum, flokkað þau og talið.

Sett upplýsingar fram í töflu og sýnt niðurstöður í einföldum súlu- og línuritum.

Lesið úr einföldum súlu-og línuritum.

### **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

### **Námsmat**

Kennarar meta hæfniviðmið þrisvar sinnum á skólaárinu; fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar og í lok skólaárs. Matið er birt á Mentor. Athugið að ekki eru öll hæfniviðmið metin hverju sinni heldur velja kennarar þau viðmið sem áhersla er lögð á og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir, kaflapróf og próf.

*Yfirfarið í október 2024*